

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Selfoskaupstað,
nr. 195 13. mars 1981.**

1. gr.

26. gr. orðist svo:

Rekstur knattborðs og/eða leiktækjastofu er háður leyfi lögreglustjóra, að fengnu samþykki bæjarstjórnar Selfoss.

Leiktækjastofa telst sá staður þar sem leiktæki, spilakassar, tölvuleiktæki og hvers kyns önnur leiktæki eitt eða fleiri eru til afnota fyrir almenning gegn gjaldi.

Leyfi skal veitt einstaklingi, vera staðbundið og ekki framseljanlegt. Leyfi skal veitt til eins árs í senn en sé sótt um áframhaldandi leyfi má veita það til fjögurra ára. Bæjarstjórn ákvarðar leyfisgjald. Heimilt er þó að lækka eða fella niður leyfisgjald sé starfsemin hluti af æskulýðs- eða félagsstarfsemi.

Óheimilt er að selja börnum og unglíngum yngri en 14 ára aðgang að leiktækjastofum og yngri en 18 ára að knattborðsstofum. Miða skal við fæðingarár. Starfsmenn leiktækja- og knattborðsstofa skulu hafa náð fullum 18 ára aldri.

Heimilt er að hafa leiktækjastofur opnar frá kl. 9.00 til 23.30 á tímabilinu 15. maí til 31. ágúst og frá kl. 15.00 til 22.00 sunnudaga til fimmtudaga og frá kl. 15.00 til 23.30 föstudaga og laugardaga á tímabilinu 1. september til 14. maí. Stórhátíðisdaga skal vera lokað.

Leyfishafi skal í hvívetna gæta þess að góð umgengni sé á knattborðs- og leiktækjastofum og umhverfis þær og að starfsemin valdi almenningi ekki óþægindum. Ef á einhvern hátt verður brotið gegn reglum þessum eða ef sýnt þykir að starfsemin brjóti í bága við heill almennings má svipta viðkomandi leyfi sínu en áður skal senda honum skriflega viðvörðun.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. apríl 1984.

Jón Helgason,

Ólafur W. Stefánsson.

24. apríl 1984

AUGLÝSING

Nr. 193

um staðfestingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. apríl 1984 staðfest deiliskipulagsuppdrátt á reit 1.1331 sem takmarkast af Ánanausti, Vesturgötu, Framnesvegi og Seljavegi í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.